

Mikilvægir þættir

Mikilvægir þættir lýsa lykilhæfni sem skilgreind er í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem metnir eru meðal annars þættir um hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis og frumkvæðis. Í lok skólaárs fá nemendur afhent sérstakt námsmat með mikilvægum þáttum þar sem kennarar gefa nemendum einnig umsögn og er markmiðið að hún leiðbeini nemandanum og styrki um leið sjálfsmýnd hans.

Nemandi:

- Fer eftir reglum í heimakrók
- Getur komið þekkingu sinni á framfæri
- Er sjálfstæður í vinnu
- Hlustar á aðra í hópi
- Gerir raunhæfar áætlanir
- Fer eftir leiðbeiningum kennara
- Tekur þátt í því sem fram fer
- Stendur við áætlanir
- Gengur vel um
- Getur aflað sér upplýsinga
- Sýnir ábyrgð
- Nýtir tímann vel
- Tekur tillit til annarra
- Sýnir frumkvæði
- Vandar uppsetningu og frágang